

Alþingi
Eiðindi nr. P 136/336
Erindi nr. P 5.12.2008
kómudagur



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5.12.2008

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 28. mál

Samtök atvinnulífsins telja sem fyrr mikilvægt að til staðar sé sjálfstætt og faglegt eftirlit með fjármálastarfsemi. Um skipulag þeirrar starfsemi verður þó að taka tillit til þess að miklar breytingar hafa orðið á fjármálamarkaði við hrun þriggja stærstu viðskiptabankanna. Það áfall kallar á endurskoðun á umfangi starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Í fylgiskjali Fjármálaeftirlitsins með frumvarpinu kemur fram endurmat þess á rekstrarkostnaði ársins 2009 sem felur í sér að fyrirhuguð hækkun um rösklega 320 m.kr. verði að mestu dregin til baka, þannig að rekstrarkostnaður á árinu 2009 verði 922,2 m.kr. í stað 1.192,2 m.kr. skv. upphaflegri áætlun. Í þessu felst eðlilegt skref, en á næstu misserum er engu að síður æskilegt að leita leiða til frekari niðurskurðar á rekstrarkostnaði, enda óhjákvæmilegt við núverandi aðstæður að Fjármálaeftirlitið gæti eins og aðrir aðilar aukins aðhalds í rekstri. Í því efni skal bent á að laun, sem nemur um 75% rekstrarútgjalda, eru með því hæsta á stöðugildi sem þekkist hjá sambærilegum stofnunum. Blasir við að gjörbreyttar aðstæður eru fram undan á vinnumarkaði almennt á næstu misserum og ekki síst meðal sérfræðinga í fjármálaþjónustu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur